

Fimmtugasti og níundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 19. janúar 2021 í fjarfundi. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Arna Hagalínsdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Marianna Helgadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og önnur leyfi.

- a) Tómas G. Gíslason f.h. Mosfellsbæjar sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir framkvæmdum við niðurrif á húsinu Meyjarhvammi í Lækjarbotnum á brunnsvæði vatnsverndar við Fossvallaklif. Umsóknin var auglýst með starfsleyfisskilyrðum fyrir þessum framkvæmdum frá 5. nóvember til 2. desember. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfið 3. desember með gildistíma í eitt ár.
„Staðfest.“
- b) Tómas G. Gíslason f.h. Mosfellsbær vatnsveitu sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir framkvæmdum við viðgerð á neysluvatnslögn á grannsvæði vatnsverndar við vatnsbólið í Laxnesdýjum. Umsóknin var auglýst með starfsleyfisskilyrðum fyrir þessum framkvæmdum frá 26. október til 23. nóvember. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfið 24. nóvember með gildistíma til 8 desember.
„Staðfest.“
- c) Kristján Magnússon f.h. Fiskbúðin Mos ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir fiskbúð að Háholti 13-15. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 27. nóvember 2020 með gildistíma til 12 ára.
„Staðfest.“
- d) Anna Dís Arnarsdóttir f.h. Dillirófa ehf. sækir um starfsleyfi fyrir hundasnyrtistofu að Þverholti 2. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 27. nóvember 2020 með gildistíma til 12 ára.
„Staðfest.“
- e) Jón R. Valdimarsson f.h. Auðnuhús ehf. sækir um starfsleyfi fyrir innflutningi á áfengi (heildverslun) að Hulduhlíð 8 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 28. desember 2020 með gildistíma til 12 ára.
„Staðfest.“
- f) HK verktakar sækja um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrifi á skólaseli við eldri deild Varmárskóla (gagnfræðaskólanum) við Skólabraut í Mosfellsbæ. Asbest er notað neðst í gólfi sem vindlokun. Umsóknin var auglýst með sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og þeirra skilyrða sem sett eru fyrir niðurrifi á asbesti í reglugerð um asbestúrgang, frá 24. nóvember til 22. desember 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfið 23. desember með gildistíma til 24. febrúar.
„Staðfest.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

2. Umsagnir um erindi sýslumanns og lögreglu.

- a) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 13. október 2020 þar sem óskað var umsagnar um umsókn Agnieszka Jadwiga Szwejka kt. 110287-4379, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund íbúðir, að Gerplustræti 13 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 2. desember 2020.
„Staðfest.“
- b) Lagt fram erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett 10. nóvember 2020 þar sem óskað var umsagnar um umsókn Björgunarsveitarinnar Kyndils kt. 500377-0709, fyrir sölu skotelda að Völuteigi 23 og Háholti 9 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 19. nóvember 2020.
„Staðfest.“

3. Umsagnir um skipulag.

- a) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 18. september um lýsingu að endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 9. desember lögð fram.
- b) Kjósarhreppur sendir beiðni um umsögn dagsett 29. október um breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps lýsing á breytingu á landnotkun í landi Eyrarkots.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 10. desember lögð fram.
- c) Seltjarnarbær sendir beiðni um umsögn dagsett 2. nóvember um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags fyrir leikskólareit.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 9. desember lögð fram.
- d) Seltjarnarbær sendir beiðni um umsögn dagsett 2. nóvember um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags fyrir verslun og þjónustu í Ráðagerði.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 9. desember lögð fram.
- e) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 10. desember um breytingu á deiliskipulag hesthúshverfis í Mosfellsbæ.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 16. desember lögð fram.
- f) Skipulagsstofnun sendir beiðni um umsögn dagsett 12. nóvember um Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 1 – tillögu að matsáætlun.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 8. desember lögð fram.
- g) Skipulagsstofnun sendir beiðni um umsögn dagsett 14. desember Seljadalsnáma – tillaga að matsáætlun.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. janúar lögð fram.

4. Umsagnir um áætlanir.

- a) Frá Umhverfisstofnun. „Þriggja ára eftirlitsáætlun og áherslur í efnamálum 2021-2023.“
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 10. desember lögð fram.
- b) Frá Umhverfisstofnun. Drög að stöðuskýrslu um fráveitumál á Íslandi 2018.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. desember lögð fram.
- c) Frá Umhverfisstofnun. Tillaga að breyttu starfsleyfi fyrir urðunarstað SORPU bs. í Álfsnesi.
Athugasemdir heilbrigðiseftirlits dagsett 15. desember lögð fram ásamt endanlegu starfsleyfi Sorpu með svörum við athugasemdir umsagnaraðila.

5. Leirvogstungumelar.

Í eftirliti 12. nóvember kom í ljós að búið er að hreinsa mikið til og eru nú svæði 2, 3, og 4 orðin hér um bil hrein. Á svæði 1 voru ennþá munir sem á eftir að flytja á brott og skipa út. Vaka sótti um framlengingu frests til að klára tiltekt á Leirvogstungumelum til 10. desember n.k. Svæðið var aftur skoðað 12. janúar og myndir teknar. Munir voru eftir á svæði 1. Þar var um að ræða gámar fullir af efni sem á eftir að skipa út, heilir gámar, stór ökutæki og aðskiljanlegri munir af ýmsu tagi. Engin vinnsla á að eiga sér stað og ekki hefur verið ekið með nýtt efni á svæðið. Lagt er fram bréf Vöku dagsett 19. janúar 2021.

„Framkvæmdastjóra er falið að hefja þvingunarferli gagnvart fyrirtækinu samkvæmt XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.“

6. Umsókn um starfsleyfi fyrir geymslu sleðahunda Egilsmóum 12.

Fyrirtækið var veitt formleg áminning 19. nóvember. Fram kom hjá forsvarsmanni fyrirtækisins þann 26. nóvember að hundarnir hefðu verið fjarlægðir þann 23 nóvember. Í eftirliti þann 4. desember kom í ljós að engir hundar voru að Egilsmóum 12 en búrin og annar búnaður var þó enn til staðar á lóðinni. Vegna þess að hundarnir hafa verið fjarlægðir er ekki ástæða til að beita frekari þvingunarúræðum.

7. Fráveita á Seltjarnarnesi.

Á 58. fundi var lögð fram tímasett fráveituáætlun fyrir Seltjarnarnes dagsett 23. október 2020. Lagt er fram bréf heilbrigðiseftirlits til Seltjarnarnesbæjar dagsett 22. desember þar sem farið er yfir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins til málsins.

„Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða áætlun um úrbætur á fráveitukerfinu í skýrslunni sbr. 4. gr. og 17. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Heilbrigðisnefnd minnir þó á að nauðsynlegt er að endurskoða fráveituáætlun reglulega með hliðsjón af nýjum upplýsingum og nýjum kröfum.“

8. Bókun um fjarfundi heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd samþykkir óháð ákvæðum samþykktar um heilbrigðiseftirlit, notkun fjarfundarbúnaðar á fundum heilbrigðisnefndar vegna gildandi takmarkana á samkomum vegna sóttvarna útaf Covid-19. Fundi heilbrigðisnefndar má halda með fjarfundarbúnaði þannig að allir fundarmenn taki þátt gegnum slíkan búnað. Þá skal staðfesting fundargerða í fjarfundi, þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða nr.22/2013, fara fram með tölvupósti. Fundargerðir verði undirritaðar með hefðbundnum hætti að sóttvarnartímabilinu loknu. Ákvörðun þessi er tekin með vísan í heimild í VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 1.,2., og 5. tl. auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, dags. 13. mars 2020.

„Samþykkt.“

9. Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis 2021.

Ný gjaldskrá fyrir 2021 lögð fram, birt 17. des. í B deild Stjórnartíðinda nr. 1270/2020.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

10. Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

Lögð fram drög að endurskoðaðri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ ásamt umsögn heilbrigðiseftirlits um gjaldskrána.
„Staðfest.“

11. Vatnsvernd.

Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins nr. 132, dagsettur 22. október 2020 var lögð fram.

12. Vatnasvæðanefnd.

Kjósa þarf nýjan fulltrúa heilbrigðisnefndar í Vatnasvæðanefnd þar sem núverandi fulltrúi Hafsteinn Pálsson er hættur í heilbrigðisnefnd.

Tillaga að bókun:

„Samþykkt að skipa Valborgu Önnu Ólafsdóttur fulltrúa heilbrigðisnefndar í Vatnasvæðanefnd 4.“

13. Önnur mál.

- a) Niðurstaða heildarefnagreiningar í vatnsbólínu í Laxnesdýjum. Skýrsla lögð fram um sýnatöku 26.10.2020.

Fundi slitið kl. 19:01.